

104 7. Suður-Múlasýsla.

	Tekjur:	kr. a.
Eign frá fyrra ári	1154 46	
Lán, sem sjóðurinn hefur tekið	1400 00	
Sýsluvegagjald	1542 80	4097 26
	Gjöld:	
Lán, sem sjóðurinn hefur tekið	1400 00	
Borgað af lánum þessum	700 00	
Vegabótakostnaður	1494 78	
Önnur gjöld	66 00	
Eign til næsta árs	436 48	4097 26

Skrifstofu Norður- og Austuramtsins, 4. oktbr. 1888.

J. Havsteen.

105
3. nóv.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu út af spurningu um borgun fyrir birtingu á stefnum, dómum eða yfirvaldsúrskurðum í faðernismálum, og um gjald fyrir lögtak og fjárnám fyrir framfærslueyri. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 31. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, dags. 13. ág. þ. á., þar sem hann beiðist leiðbeiningar amtsins um það, hvort þeir, sem annast birtingar á stefnum, dómum eða yfirvaldsúrskurðum í faðernismálum, eða gjöra lögtak eða fjárnám í slíkum málum, eigi fyrir þau verk heimtingu á borgun þeirri, sem ákveðin er í lögum nr. 3, 13. janúar 1882, og ef svo álitist, hverjum þá beri að greiða þá borgun. Hafið þjer, um leið og þjer, til leiðbeiningar fyrir sýslumenn og undirdómara, beiðist úrlausnar minnar um fyrirspurn þessa, látið það álit yðar í ljósi út af henni, að opið brjef 28. maí 1825, um meðferð faðernismála, standi enn í óhöggugu gildi þrátt fyrir útkomu ofan nefndra laga 13. jan. 1882, og að eptir þessu opna brjefi beri enga borgun að greiða til þeirra manna, er birti stefnu eða dóm í barnsfaðernismálum fyrir undirrjetti eða gjöri lögtak eða fjárnám eptir undirrjettardómi eða yfirvaldsúrskurði, en um borgun fyrir birting yfirvaldsúrskurða í slíkum málum muni aldrei þurfa að verða spurning, þar sem nægilegt sje að birta úrskurðinn með brjefi sýslumanns eða bæjarfógeta.

Fyrir því skal yður til vitundar gefið, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg verð að vísu, eins og þjer, að álíta, að eigi sje næg ástæða til að ætla, að hin sjerstaka ákvörðun viðvíkjandi þessu efni, sem opið brjef 28. maí 1825 inniheldur, sje fallin úr gildi við útkomu laganna 13. jan. 1882, um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk, en þar af leiðir að eins, eins og segir í nefndu opnu brjefi, að engin rjettargjöld þarf að greiða í barnsfaðernismálum fyrir undirrjetti, til dómara eða skrifara, og heldur eigi til stefnuvotta, en aptur á móti er í nefndu opnu brjefi ekkert minnst á fjárnám eða lögtak í barnsfaðernismálum, og þar sem engin önnur sjerstök ákvörðun er til, er veiti undanþágu í nefndum málum frá hinum almennu ákvæðum um gjöldin fyrir rjettarverk þessi í aukatekjureglugjörðinni, lögum 13. jan. 1882 og lögum 16. desbr. 1885, þá verða þessi almennu ákvæði að gilda einnig við innheimtu á framfærslueyri eptir dómum eða úrskurðum, enda sjest slíkt ljóslega í 28. gr. aukatekjureglugjörðarinnar, sem að eins ákveður, að borgun fyrir fjárnám í slíkum málum, skuli eiga óæðra sæti en krafa sú, er fjárnámið er gjört fyrir, og falla burtu, ef eigi fáist

meira inn við fjárnámið en sjálfri aðalkröfunni nemur. Að endingu skal jeg, að því er snertir birtingu yfirvaldsúrskurða um framfærslueyri, benda yður á 6. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 29, 16. desbr. 1885, sem sýna að birting úrskurðarins er nauðsynleg, þegar gjöra á lögtak eptir honum; en það nægir, þó að birtingin síðari skiptin sje framkvæmd að eins af öðrum stefnuvottinum eða hreppstjóra einum, og mun tilætlunin þá vera sú, að þelmingur stefnuvottagjaldsins sparist. 105
3. nóv.

Samkvæmt framansögðu getur af hinum umræddu gjöldum orðið spurning um gjald fyrir lögtak og fjárnám fyrir framfærslueyri og um gjald til stefnuvotta fyrir birtingu lögtaksúrskurðar um framfærslueyri og gilda um skyldu málsparta til að greiða gjöld þessi sömu reglur og í öðrum einkamálum, sbr. þó 28. gr. aukatekjureglugjörðarinnar 10. sept. 1830.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um styrk handa sýslufjelagi til eflingar búnaði. — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dags. 29. f. m., viðvíkjandi tillögum sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu um það, hvornig verja skuli hluta sýslunnar í ár af fjenu til eflingar búnaði, skal yður hjer með tilkynnt til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslumanninum í Rangárvallasýslu, að jeg samþykki hjer með þær tillögur sýslunefndarinnar, sem standa undir 1., 2. og 6. tölulið í útskriptinni af gjörðabókinni, nefnilega 150 kr. til búnaðarfjelds Hvolhrepps, 90 kr. til framskurðar á svo kallaðri Kaldárholtsmýri og 20 kr. til vatnsveitingamanns Árna Sigurðssonar til framhalds vatnsveitingastörfum, en að jeg þar á móti ekki sjái mjer fært að samþykkja tillögur nefndarinnar undir 3., 4., 5., 7., 8. og 9. tölulið í útskriptinni, þar sem engin skýrsla fylgi um jarðabótarstörf þau, sem þeir menn, er þar eru nefndir, hafi þegar unnið eða ætli sjer að vinna framvegis, enda muni það tæplega samkvæmt tilganginum með fjárveitingu þessa að búta hana niður í smáskammta handa sjálfseignarbændum, og það enda sumum efnuðustu mönnum í sýslunni, því augnamiðið með fjárveitingunni sje fyrst og fremst að styrkja þau fyrirtæki, sem að einhverju leyti hafa almenna þýðingu. Viðvíkjandi þeim 220 kr., sem þannig standa eptir af hluta Rangárvallasýslu af fjenu til eflingar búnaði, vænti jeg hið fyrsta að fá tillögur sýslunefndarinnar. 106
16. nóv.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um leyfi handa amtsráði suðuramtsins til að kaupa jörð undir búnaðarskóla. — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dags. 31. f. m., og skýringar þær og upplýsingar, sem það inniheldur, viðvíkjandi stofnun búnaðarskóla á Hvanneyri, veiti jeg hjer með leyfi til, samkvæmt beiðni yðar fyrir hönd amtsráðs Suðuramtsins í þóknanlegu brjefi 23. f. m. og með skírskotun til 56. gr. sveitarstjórnarlaganna 4. maí 1872, að tjeð amtsráð megi kaupa jörðina Hvanneyri undir búnaðarskólastofnun fyrir allt að 16000 kr., að til þeirrar stofnunar megi verja fyrst um sinn hinu árlega búnaðskólagjaldi í Suðuramtinu og vöxtunum af búnaðarskólasjóði amtsins, og að amtsráðið megi taka 6000 kr. lán og setja að veði fyrir því veðskuldabryef búnaðarskólasjóðsins til þess að koma búnaðarskólastofnun þessari á fót á næstkomandi vori. 107
19. nóv.

Þetta tilkynnist yður hjer með til þóknanlegrar leiðbeiningar.